

Icelandic (IS)

Ábendingar og fyrirhugaðir sjúklingahópar

Bulkamid® Hydrogel er ætlað sem fylliefni í þvagrás til meðferðar við þvagleka hjá konum þar sem áreynsluþátturinn er umtalsverður. Bulkamid® Hydrogel er ætlað fyrir fullorðna kvenkyns sjúklinga (eldri en 18 ára).

Frábendingar

Bulkamid® Hydrogel má ekki nota hjá sjúklingum með bráða þvagfærasýkingu eða vefjaskaða í þvagrás. Ekki má nota Bulkamid® Hydrogel hjá sjúklingum með virka herpessýkingu á kynfærasvæði.

Varnaðarorð eða varúðarreglur

Engar sérstakar varúðarráðstafanir eða varnaðarorð eiga við fyrir þig sem sjúkling vegna gjafar Bulkamid®. Fyrir aðgerðina mun lækinn segja þér frá meðferðinni og ef það eru einhverjar varúðarráðstafanir sem þú ættir að gera, til dæmis ef þú ert að fara í aðgerðina í svæfingu.

Þú skalt láta heilbrigðisstarfsfólk sem kemur að síðari meðferð hjá þér vita að hafir fengið meðferð með Bulkamid® Hydrogel. Ef þú þarft að gangast undir skurðaðgerð eða meiriháttar tannaðgerð eftir gjöf Bulkamid® Hydrogel skal lækinn íhuga sýklalyfjameðferð til að draga úr hættu á sýkingu. Einnig er hættu á að við síðari skoðanir muni ígræðið vera talið sjúkdómseinkenni.

Áhættuþættir og varnaðarorð

Ræddu við lækinn ef þú telur að þú sért með aukaverkanir tengdar Bulkamid® Hydrogel eða notkun þess, eða ef þú hefur áhyggjur af áhættuþáttum. Þetta skjal kemur ekki í staðinn fyrir ráðleggingar læknis ef á þarf að halda. Eins og við á um allar aðgerðir er hættu á sýkingu og því er mælt með því að þú fái sýklalyf fyrir aðgerðina. Fyrir aðgerðina mun lækinn segja þér frá fyrirhugaðri notkun, væntanlegum árangri, frábendingum, varúðarráðstöfunum, varnaðarorðum og hugsanlegum aukaverkunum.

Fylgikvillar geta komið fram. Fylgikvillar geta verið tímabundnir verkir í aðgerð og/eða fyrst eftir aðgerð (staðdeyting dregur úr þessum verkjum), lítið magn af blóði í þvagini, seinkun á þvaglátum, verkir við þvaglát og/eða þvagfærasýking. Þessir fylgikvillar eru yfirleitt skammvinnir og ganga til baka á nokkrum dögum. Í mjög sjaldgæfum tilvikum geta sjúklingar átt í erfiðleikum með að losa þvag (þvagteppa) og gætu því tímabundið þurft að nota einnota þvaglegg til að tæma þvagblöðruna. Þvagteppa gengur yfirleitt til baka innan 24 klukkustunda. Bráðapvagleki, sem er skyndileg og mikil þvaglátapörf, getur komið fram.

Örsjaldan ($< 1/10.000$ sprautum) getur myndast hnúður (ígerð) vegna sýkingar (sem er meðhöndluð með sýklalyfi).